

Innviðaráðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 139/2023

Reykjavík 08. september 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að húsnaðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnaðismál)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Þóra Jónsdóttir  
Lögfræðingur

Berglind Sigmarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál).

Barnaheill þakka fyrir tækifærið til að skrifa umsögn um ofangreint mál og fagna því að unnið er að gerð langtíma húsnæðisstefnu á Íslandi.

### Húsnæðisöryggi eru mannréttindi barna

Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem veita þeim tækifæri til að vaxa og þroskast og njóta allra réttinda sinna sem fram koma í Barnasáttmálanum. Samkvæmt 3. mgr., 27. gr. Barnasáttmálans skulu ríki, í samræmi við aðstæður sínar og efni, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita foreldrum og öðrum sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns aðstoð til að neyta þess réttar, meðal annars með því að sjá þeim fyrir stuðningsúrræðum að því er húsnæði snertir.

Á Íslandi má búast við að rúmlega 10.000 börn búi við fátækt, eða 13,1% barna samkvæmt skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla – Save the Children sem var gefin út í mars 2023.

Í skýrslunni kemur fram að árið 2021 áttu 24,1% íslenskra heimila í erfiðleikum með að standa straum af daglegum útgjöldum og ná endum saman. Í rúmlega helmingi tilfella voru það heimili einstæðra foreldra og 16,1% voru heimili tveggja eða fleiri fullorðinna með börn. Meiri líkur eru að börn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins búi við fátækt eða um 15,8% þeirra.

Meðal áhersluatriða í skýrslu Barnaheilla var hvatning til ríkja um að tryggja öllum börnum og fjölskyldum þeirra aðgang að góðu og fjárhagslega viðráðanlegu húsnæði en tekjulágar fjölskyldur og leigjendur eru líklegust til að búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var hlutfall þeirra heimila sem bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2021, 12,8%.<sup>1</sup>

Það má því miður búast við því að börn í þeim hópi búi við ótryggar og ófullnægjandi heimilisaðstæður og Barnaheill hafa áhyggjur af því að nokkur fjöldi barna sé í raun heimilislauð, þ.e. sé komið fyrir hjá vinum og vandamönnum eða búi með foreldrum inni á öðrum. Afar mikilvægt er að mati Barnaheilla að fjölskyldum sé séð fyrir tryggu og heilsusamlegu húsnæði svo ekki komi til þess að börn séu aðskilin frá foreldrum sínum eða forsjáraðilum, að fjölskyldur sundrist vegna slæmra húsnæðisaðstæðna.

Að mati Barnaheilla brýtur það gegn mannréttindum barna að þeim sé ekki tryggt öruggt og heilsusamlegt húsnæði og að þau þurfi að treysta á aðstoð utanaðkomandi um þak yfir höfuðið.

---

<sup>1</sup> „Húsnæðiskostnaður telst íþyngjandi þegar heildarkostnaður húsnæðis nemur meira en 40% af ráðstöfunartekjum heimilisins. Tæplega 9% heimila í eigin húsnæði bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað samanborið við 27% heimila í leiguhúsnæði.“ Byrði húsnæðiskostnaðar 2021 - Hagstofa Íslands. Skoðað þann 09.09.2023.

Því leggja Barnaheill til að tekið verði sérstaklega fram í húsnæðisstefnu til næstu 15 ára, að tryggja verði börnum og fjölskyldum þeirra viðunandi húsnæðisöryggi í lengd og bráð og gæta þess að ekkert barn á Íslandi sé heimilislaut.

### **Ójöfnður vegna ótryggra húsnæðisaðstæðna**

Börn sem búa við ótryggar húsnæðisaðstæður verða fyrir ýmiskonar afleiddri mismunun. Afleiðingar tíðra flutninga sem fylgja því að búa við húsnæðisöryggi getur stuðlað að félagslegri einangrun þeirra, því börn geta átt erfitt með að festa rætur, reyna það jafnvel ekki og ná því ekki að eignast vini eða að rækta félagsleg tengsl við jafningja þegar svo háttar til.

Eins getur börnum þótt erfitt og jafnvel vilja alls ekki bjóða vinum heim til sín ef húsnæðisaðstæður eru með þeim hætti að þeim þykir erfitt að sýna vinum sínum þær. Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa við þröngbýli og hafa því ekki aðstæður til náms eða leikja. Þau eru líka líklegri til að búa í heilsuspillandi húsnæði og líða þar af leiðandi líka mismunun hvað varðar heilsufar og aðgengi að besta mögulega heilbrigði.

Í 2. grein Barnasáttmálans kveður á um bann við mismunun gagnvart börnum m.a. vegna aðstæðna foreldra þeirra. Íslenska ríkinu ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað vegna stöðu eða athafna foreldra þess eða forsjáraðila, eins og segir í 2. mgr., 2. gr. Barnasáttmálans.

Auk þess kveður á um bann við mismunun í 65. grein stjórnarskrárinnar og vitanlega eiga öll mannréttindaákvæði stjórnarskrár við um börn sem aðra hópa.

### **Þörf á rannsóknum um stöðu barna á húsnæðismarkaði**

Gera þarf rannsóknir á stöðu barna hvað varðar húsnæðisöryggi og halda upplýsingum um það aðgengilegum í mælaborði um farsæld barna sem nú er í smíðum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja megináherslu á vernd barna gegn ofbeldi, vanrækslu og fátækt. Húsnæðisöryggi er grundvallarréttur sem öll börn eiga að njóta svo þau megi lifa og þroskast og njóta annarra réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmálanum.